



ÁLIT NR. 02/2009

FLUGÖRYGGISSTOFNUNAR EVRÓPU

frá 11. nóvember 2009

um reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003 frá 24. september 2003 um framkvæmdarreglur lofthæfis- og umhverfisvottunar loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, íhluta og búnaðar, svo og vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja

'Viðgerðir og hönnunarbreytingar á evrópskum tækniforskriftum (European Technical Standard Order – ETSO)'

I. Almennt

1. Tilgangur þessarar álitsgerðar er að leggja það til við framkvæmdastjórnina að viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003¹ verði breytt (hér eftir liður-21) og þá sérstaklega kröfum til hönnunarfyrtækja, viðgerðum og leyfum evrópskra tækniforskrifta (ETSO) er tengjast viðgerð á aukaafstöðvum (e. auxiliary power unit - APU).
2. Álitið hefur verið tekið upp, eftir að verklag tiltekið af stjórn Flugöryggisstofnunar Evrópu (Stofnunin)², í samræmi við ákvæði 19. greinar reglugerðar (EB) nr. 216/20083 (hér eftir vísað í sem grunnreglugerðin).

II. Samráð

3. Tilkynning um fyrirhugaða breytingu (e. Notice of Proposed Amendment - NPA) 2008-12⁴ sem inniheldur drög að áliti um breytingar á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar á lið-21 var gefin út á vefsíðu stofnunarinnar þann 19. maí 2008.
4. Á lokadegi, hinn 19. ágúst 2008, hafði stofnunin fengið 62 athugasemdir frá 23 flugmálastjórnnum ríkja, fagstofnunum og einkafyrirtækjum.
5. Stofnunin hefur kynnt sér allar athugasemdirnar og felld þær inn í skjal yfir svör við athugasemdum (e. Comment Response Document - CRD), sem birt var á heimasíðu Stofnunarinnar 30. apríl 2009. Skjal yfir svör við athugasemdum inniheldur lista yfir alla einstaklinga og/eða samtök sem lagt hafa fram athugasemdir og svör stofnunarinnar.
6. Tilkynning um fyrirhugaða breytingu (NPA) 2008-12 innihélt tvær mismunandi tillögur til breytinga á lið-21 hvað varðar evrópskar tækniforskriftir (ETSO). Fyrri tillagan var að leyfa minniháttar breytingar eða viðgerðir á ETSO hluta af hendi annarra en ETSO leyfishafa. Í nágildandi kröfum hefur eingöngu ETSO leyfishafi rétt til að gera minniháttar breytingar á evrópskum tækniforskriftum (ETSO). Seinni breytingartillagan myndi samþykkja viðgerðir á aukaafstöðvum (APU) í samræmi við lið-21, undirlið M.
7. Byggt á þeim umsögnum sem bárust við umsagnaleitunina, ályktaði stofnunin að fyrri tillaga til að leyfa öðrum en ETSO leyfishafa að sækja um minniháttar breytingar eða viðgerðir á ETSO hluta myndi ekki veita þann sveigjanleika sem leitast er eftir. Þar af leiðandi ákvað stofnunin að hætta við þennan hluta tilkynningar um fyrirhugaða breytingu (NPA). Þessi ákvörðun var tilgreind í svari við umsagnarleitun (CRD). Það voru engar markverðar athugasemdir gegn tillögu um að samþykkja viðgerðir á APU í samræmi við undirlið M. Eins og tilgreint er í svari við umsagnarleitun (CRD) er þessi tillaga látin standa og flutt í þessu áliti.
8. Þann 29.júní 2009 höfðu engin þýðingarmikil viðbrögð borist varðandi svörin við umsagnarleitun.

¹ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003 frá 24. september 2003 sem fyrirskipar framkvæmdarreglugerðir fyrir lofthæfis- og umhverfisvottanir loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, íhluta og búnaðar, svo og vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja (OJ L 243, 27.9.2003, bls. 6). Reglugerð eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1057/2008 frá 27. október 2008 (OJ L 283, 28.10.2008, bls. 30).

² Ákvörðun stjórnarráðs varðandi verklag sem Stofnuninni ber að framfylgja í málefnum á borð við skoðanir, vottun kröfustaðla og leiðsagnarefni (reglusetningarferli). EASA MB 08-2007, 13.06.2007.

³ Reglugerð (EB) Evrópupingsins og Evrópuráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug, stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu, og afnám tilskipunar Evrópuráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002, og tilskipunar 2004/36/EB (OJ L 79, 19.03.2008, bls. 1)

⁴ Sjáið reglugerðasafn á http://www.easa.europa.eu/ws_prod/r/r_archives.php.

III. Innihald álits stofnunarinnar

9. Þetta álit leggur til að breyta lið-21, sérstaklega álitum er varða viðgerðir á APU (aukaafstöð). Innihald þessara breytinga er útskýrt hér fyrir neðan.
10. Samkvæmt núverandi skilyrðum, 21A.431(d) undirliður M – eiga “viðgerðir” ekki við ETSO greinina. Þess í stað, þarf viðgerð á APU að vera samþykkt í samræmi við undirlið D (minniháttar breyting) eða undirlið E (stórvægileg breyting) ferilákvæði varðandi hönnunarbreytingar. Í samræmi við lið-21A.604(b), sé ferlið í undirlið E notað fyrir stórvægilegar viðgerðir á APU leiðir það til aðskilins ETSO leyfis. Þetta er talið ákaflega óhentugt, sérstaklega sé tekið tillit til þeirrar staðreyndar að viðgerðarhönnuðurinn væri ábyrgur að fullu fyrir hönnun allrar aukaafstöðvarinnar (APU).
11. Hugtak og margbreytileiki APU líkist vélum loftfara og í sumum tilfellum er APU hönnun jafnvel leidd af vélarhönnun. Því er talið að meira samræmi náist með því að láta undirlið M varðandi viðgerðir einnig gilda fyrir APU, í takt við viðgerðir á vélum. Takmörkun í undirlið M fyrir evrópskar tækniforskriftir (ETSO) sem eru APU er þar af leiðandi fjarlægð og ákvæði fyrir viðgerðum á APU í undirlið O er breytt.

IV. Mat á reglugerðaráhrifum

12. Breyting á viðgerðarferli APU úr undirlið D eða E í undirlið M mun hafa jákvæð efnahagsleg áhrif þar sem breytingin fellir niður stjórnsýslubyrði fyrir nýtt ETSO leyfi. Þetta ferli samræmist betur viðgerðum á vélum.

Köln, 11. nóvember 2009

P. GOUDOU
Framkvæmdastjóri